

## Greinargerð með ársreikningi 2009

### Inngangur

Ársreikningur Bæjarsjóðs Bolungarvíkur er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga og reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga. Starfsemin skiptist í A hluta annarsvegar og B hluta hinsvegar. Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögguð með skatttekjum en í B hluta eru fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu bæjarfélagsins og eru rekin sem fjárhagslega sjáfstæðar einingar.


Rekstrartekjur Bolungarvíkurkaupstaðar námu 679 milljónum króna á árinu 2009 samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir A og B hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir 642 milljónum króna. Þar af námu tekjur A – hluta 567 milljónum eða 20 milljónum yfir áætlun. Álagningarhlutfall útsvars var 14,61% sem en það er 13,28% lögbundið hámark þess að viðbættu 10% álagi. Álagningarhlutfall fasteignaskatts nam 0,5% vegna íbúðarhúsnæðis, 1,32% vegna atvinnuhúsnæðis og 1,32% vegna opinbers húsnæðis. Rekstrarniðurstaða samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi A og B hluta var jákvæð um kr. 179,4 milljónir króna, samanborið við 116 milljón króna halla árið áður eða viðsnúningur um tæpar 300 milljónir króna. Þar af var rekstrarniðurstaða A hluta jákvæð um kr. 71,3 milljónir en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir 24,4 milljón króna hagnaði. Eigið fé A-hluta var 196,3 milljónir króna í lok árs, en eigið fé samstæðunnar var 0,4 milljónir króna.

Á árinu 2008 gerðu bæjarstjórn Bolungarvíkur og Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) með sér samning um fjárhagslegar aðgerðir og eftirlit, sem hafði það að markmiði að stöðva hallarekstur og skuldasöfnun, bæta eiginfjárstöðu og styrkja rekstrargrundvöll sveitarfélagsins til framtíðar.

Laun og launatengd gjöld námu alls 305,5 milljónum króna á árinu. Íbúafjöldi var 968 þann 31. desember 2009 og hafði íbúum fjölgað um 2 frá fyrra ári.

Línurit 1 sýnir þróun og skiptingu tekna samstæðunnar undanfarin ár ásamt því hvernig vísitala neysluverðs hefur þróast á sama tímabili.

Það beina fjárhagslega tap sem sveitarfélagið hefur orðið fyrir vegna gjaldþrots Bakkavíkur hf og hefur áhrif á rekstur og efnahag bæjarsjóðs, hefur verið tekið inn í ársreikning fyrir árið 2009 að fullu.



Línurit 1


#### Rekstur – getan til að greiða af lánum

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2009 gerði ráð fyrir mikilli hagræðingu í rekstri sveitarfélagsins vegna aukinna tekna og lægri kostnaðar. Starfsmönnum var fækkað og þjónustutími stofnanna stytur auk þess sem dregið var úr fyrirhuguðum fjárfestingum. Veruleg breyting varð á rekstrinum til batnaðar sem skilaði sér meðal annars í mikilli aukningu á veltufé frá rekstri sem er í raun það sem reksturinn skilar í beinhörðum peningum. Þessi stærð er afgerandi þegar meta á skuldaþol sveitarfélags. Fjárhæðin verður að vera hærra en sem nemur öllum afborgunum lána sveitarfélagsins því annars þarf að taka lán til að greiða af lánum sem óhjákvæmilega leiðir til meiri og meiri skuldsetningar.

Veltufé frá rekstri A-hluta var 127 m.kr en 235 m.kr frá samstæðunni allri. Hafa ber í huga að sérstakt 66 m.kr framlag vegna samstarfsins við EFS hefur áhrif á veltufé frá rekstri í B-hluta en það hefur hins vegar engin áhrif A-hlutann. Á línuriti 2 má sjá myndræna framsetningu á veltufé frá rekstri.

Fróðlegt er að skoða hversu hratt sveitarfélagið gæti greitt upp lán sín. Ef litið er á A-hlutann sérstaklega þá kemur í ljós að heildarskuldir án skuldbindinga eru 695 milljónir króna. Það tæki því einungis 5,5 ár að greiða niður allar skuldir A-hlutans. Ef veltufé frá rekstri væri einungis nýtt til greiðslu skulda en ekki til fjárfestinga.

## Veltufé frá rekstri samtals í þúsundum króna




### Línurit 2

#### Hafnarsjóður

Rekstur hafnarsjóðs gekk vel á árinu. Alls voru tekjurnar tæpar 52 milljónir króna, þær jukust meira en kostnaðurinn og því var hagnaðurinn meiri en árið á undan eða alls 14 milljónir króna hagnaðar árið áður. Afli jókst á milli ára, en aflinn jókst einnig á milli áruna 2007 og 2008. Botnfiskaflinn sem landað var í Bolungarvíkurhöfn var ríflega 10 þúsund tonn. Lokið var við tveggja ára verkefni á Brimbrjót, en þar hefur nú verið sett nýtt stálþil á stóran hluta hans og steipt ný þekja auk þess sem þekjan var breikkuð til muna. Þá var lýsingin á Brimbrjót endurbætt. Á línuriti 3 má lesa í þróun rekstrarins frá 2004.


## Hafnarsjóður - rekstur (þúsundir króna)



### Línurit 3

## Vatnsveita


Rekstur vatnsveitunnar var erfiður á síðasta ári sem stafar meðal annars af afskrift viðskiptakrafna. Það er áhyggjuefni að aukavatnsskatturinn sem verið hefur nálægt 8 m.kr á ári undanfarin ár verður væntanlega mun lægri í ár þar sem rækjuvinnsla liggur niðri. Fastur kostnaður til dæmis vegna starfsmannahalds er þó óbreyttur, en launakostnaður er nánast alveg ótengdur því magni sem selt er af vatni.



Línurit 4

## Fráveita


Lítilsháttar hagnaður var af rekstri fráveitunnar á árinu. Vel að merkja þá er afskriftum lokið, en alltaf má búast við kostnaði vegna endurnýjunar.



Línurit 5

## Félagslega húsnæðiskerfið


Félagslega húsnæðiskerfið var rekið með miklum hagnaði á síðasta ári. Sá hagnaður kemur til af sérstöku 66 m.kr framlagi frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga í tengslum við samning við EFS. Þá er einnig tekjufærð 73 m.kr niðurfelling á lánum hjá Íbúðalánasjóði í tengslum við sama samning. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2010 gerir ennfremur ráð fyrir því að Íbúðalánasjóður felli niður aðrar 73 m.kr á árinu 2010. Vonir standa til að þar með geti kerfið orðið sjálfbært, en húsaleiga hefur verið hækkuð nokkuð umfram verðlag.



Línurit 6

## Efnahagur

Heildarskuldir sveitarfélagsins í lok árs 2009 eru 1.018 milljónir króna. Auk þess eru lífeyrisskuldbindingar 90,4 m.kr. Veltufjármunir á móti skuldunum eru 198 m.kr þannig að skuldir að frádregnum veltufjármunum eru 820 milljónir króna og hafa lækkað úr 981 m.kr. árið á undan. Nettófjárfesting á árinu var 55 milljónir króna.



## Að lokum

Mikil batamerki eru á rekstri sveitarfélagsins. Það er þó ljóst að rekstur félagslega húsnæðiskerfisins er ekki kominn í jafnvægi og því brýnt að fylgt verði eftir þeirri niðurfelliingu lána sem reiknað er með í fjárhagsáætlun ársins 2010 og gert hefur verið ráð fyrir í samningi sveitarfélagsins við EFS.

Flestum lykiltölum í rekstrinum ber saman um að fjárhagsleg staða bæjarsjóðs er að styrkjast. Þannig er launahlutfall A-hluta 49,39% samanborið við 54,71% í fyrra. Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir er 22,91% í samanburði við mínus 4,42% prósent árið á undan. Handbært fé frá rekstri í hlutfalli við langtímaskuldir mælt í árum er 4,84 og hefur lækkað úr 17,76 frá árinu á undan. Eiginfjárhlutfall hefur hækkað úr 0,14 í 0,2 sem er í samræmi við það sem að var stefnt.

Áfram er rík ástæða til aðhalds í rekstrinum til að vinna niður skuldir sveitarfélagsins og efla getu þess til að veita bæjarbúum sem allra besta þjónustu.

Bolungarvík 5. maí 2010

Elías Jónatansson